

MINNISBLAÐ

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Frá: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Dags: 7. maí 2020

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, (skil ársreikninga) þingmál 447. og viðbrögð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

1. Inngangur

Minnisblað þetta er unnið vegna innsendra umsagna við frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, (skil ársreikninga), þingskjal 623, mál 447, sem unnið var í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til reglur sem ætlað er að skýra nánar þau tilvik þegar ársreikningaskrá krefur um skipti á félagi á grundvelli 121. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, þegar ársreikningi hefur ekki verið skilað innan réttra fresta eða þegar ársreikningi hefur verið skilað með ófullnægjandi hætti.

Þá þykir rétt að veita félögum færi á að bregðast við nýjum reglum og nýrri lagaframkvæmd, með því að gefa þeim tækifæri á að bæta úr skilum sínum. Er því lagt til að ársreikningaskrá verði gert heimilt að fella niður stjórnvaldssektir vegna seinna skila samhliða slitum félaga eins og nánar er skýrt í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins.

Alls hafa borist þrjár umsagnir til efnahags- og viðskiptanefndar varðandi frumvarpsdrögin. Umsagnaraðilar eru: Endurskoðendaráð, Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI).

Í minnisblaði þessu verður farið yfir helstu athugasemdir sem gerðar hafa verið við frumvarpið og viðbrögð ráðuneytisins við þeim athugasemdum.

2. Umsagnir og viðbrögð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

- **Endurskoðendaráð gerir engar athugasemdir við frumvarpsdrögin.**
- **SA gera enga athugasemd við frumvarpsdrögin.**
Í umsögn sinni kemur SA á framfæri tillögum að öðrum breytingum á lögum um ársreikninga nánar tiltekið 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga en þar er hugtakið „ársverk“ skilgreint.
- **SI gera enga athugasemd við frumvarpsdrögin.**
Í umsögn sinni kemur SI á framfæri tillögum að öðrum breytingum á lögum um ársreikninga nánar tiltekið hækkun á endurskoðendaskyldu félaga.

Viðbrögð ANR vegna athugasemdar SA varðandi hugtakið ársverk:

Stærðarflokkunin sem er að finna í 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga er innleiðing á tilskipun 2013/34/ESB. Þar er verið að samræma stærðarmörk lítilla, meðalstórra og stórra félaga í Evrópu sem auðveldar allan samanburð félaga. Samkvæmt tilskipuninni eru skilgreiningarnar eftirfarandi:

Stórt félag: Félag sem fer yfir eftirfarandi mörk á a.m.k. tveimur af þremur viðmiðunum:

- a) Niðstöðutala efnahagsreiknings: 20.000.000 evrur
- b) Hrein velta: 40.000.000 evrur
- c) Meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu: 250

Meðalstórt félag: Félag sem ekki er lítið félag og sem við dagsetningu efnahagsreiknings fer ekki yfir eftirfarandi mörk á a.m.k. tveimur af þremur viðmiðunum:

- a) Niðstöðutala efnahagsreiknings: 20.000.000 evrur
- b) Hrein velta: 40.000.000 evrur
- c) Meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu: 250

Lítið félag: Félag sem fer ekki yfir eftirfarandi mörk á a.m.k. tveimur af þremur viðmiðunum:

- a) Niðstöðutala efnahagsreiknings: 4.000.000 evrur
- b) Hrein velta: 8.000.000 evrur
- c) Meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu: 50

Í undirbúningi að innleiðingu ádurnefndar tilskipunar var talið mikilvægt að skilgreina hugtakið ársverk en það hafði áður ekki verið skilgreint í lögum um ársreikninga. Kallaði var eftir því að hugtakið ársverk yrði skilgreint og sú skilgreining væri notuð til að auðvelda útreikning og samanburð á hugtakinu ársverk í ársreikningum félaga. Skilgreiningin á hugtakinu ársverk sem er að finna í 3. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga byggist á tillögum Evrópusambandsins 2003/361/EC varðandi skilgreiningu á örfélögum, litlum og meðalstórum félögum en þar í viðbæti er að finna skilgreiningu á ársverkum (<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32003H0361&from=EN>)

Skilgreining á hugtakinu ársverk eins og það er að finna í 3. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga:

Ársverk : Jafngildi vinnuframlags eins manns í fullu starfi í eitt ár. Vinna þeirra sem ekki störfuðu allt árið, vinna þeirra sem voru í hlutastarfi, óháð tímalengd, og vinna árstíðabundinna starfsmanna reiknast sem brot af ársverki. Til starfsmanna teljast:

- a. starfsmenn,
- b. eigendur og/eða framkvæmdastjórnar sem starfa hjá félaginu.

Lærlingar eða iðnnemar sem eru í námi eða starfsþjálfun samkvæmt samningi og starfa ekki gegn endurgjaldi teljast ekki til starfsmanna. Sama á við um starfsmenn sem eru í fæðingarorlofi og foreldraorlofi.

Viðbrögð ANR vegna athugasemdar SI varðandi endurskoðunarmörkin:

Meginregluna um endurskoðun ársreikninga er að finna í 1. mgr. 96. gr. laga um ársreikninga en í henni felst að þau félög sem falla undir lögina skuli kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki til að endurskoða ársreikning félagsins. Í 4. mgr. 96. gr. laganna má finna undanþágu fyrir örfélög, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. laganna, frá þeirri skyldu að kjósa endurskoðanda þegar þau nýta sér heimild í 3. gr. laganna til að skila svokölluðum „hnapps-ársreikning“, þ.e. ársreikningi sem byggður er á skattframtali félagsins. Gert er ráð fyrir að um 80% allra félaga sem falla undir lög um ársreikninga geti nýtt sér heimild til að skila slíkum ársreikningi með „hnappnum“. Einnig eru, skv. 1. mgr. 98. gr.

laganna, undanþegin skyldu til að láta endurskoða ársreikning sinn þau félög sem eru undir tveimur af eftirfarandi stærðarmörkum tvö næstliðin reikningsár, niðurstöðutala efnahagsreiknings 200.000.000 kr., hrein velta 400.000.000 kr. og meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu 50. Einingar tengdar almannahagsmunum, samvinnufélögum sem hafa B-deild stofnsjóðs og fleiri félög falla þó ekki undir undanþágu 1. mgr., sbr. 2.-5. mgr. 98. gr.

Stærðarmörk endurskoðunarskyldunnar hafa reglulega verið skoðuð í sambandi við breytingar á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur. Í því sambandi hafa stærðarmörk endurskoðunarskyldu verið skoðuð á hinum Norðurlöndunum, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Í flestum tilvikum eru endurskoðunarmörkin umtalsvert lægri en hér á landi, bæði hvað varðar fjárhæðir og fjölda ársverka.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur frá ágúst 2019 sem birtar voru hjá [Accountancy Europe](#) voru endurskoðunarmörkin hjá Norðurlöndunum eftirfarandi gefin upp í Evrum:

	Niðurstöðutala efnahagsreiknings í Evrum	Hrein velta í Evrum	Meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu
Danmörk	537.000*	1.075.000*	12*
	6.000.000	12.000.000	50
Finnland	100.000	200.000	3
Ísland	1.400.000	2.800.000	50
Noregur	2.500.000	625.000	10
Svíþjóð	150.000	300.000	0

*Yfir þessum mörkum í Danmörku er hægt að velja á milli endurskoðunar eða yfirferðar (extended review)

Við vinnu við endurskoðun á lögum um ársreikninga á árunum 2015-2016 sem aðallega fólst í innleiðingu á tilskipun 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnar tegunda fyrirtækja, voru önnur ákvæði laganna einnig endurskoðuð, m.a. stærðarmörkin í 98. gr. Í þeirri vinnu aflaði ráðuneytið upplýsinga frá RSK um fjölda endurskoðunarskyldra félaga og benti könnun RSK á skattaskýrslum félaga til þess að einungis 3–4% félaga hafi á þeim tíma verið yfir stærðarmörkum 98. gr. og þannig verið skylt að láta endurskoða ársreikninga sína. Það var sambærilegur hluti þeirra félaga í Evrópu sem falla undir endurskoðunarskyldu. Með hliðsjón af framangreindu var á þeim tíma ekki talin ástæða til að leggja til breytingar á stærðarmörkum 1. mgr. 98. gr. laga um ársreikninga.

Hafa verður í huga í þessu sambandi ákvæði laganna um yfirferð skoðunarmanna, sem og gæði reikningsskila og að búið er að einfalda skil ársreikninga örfélaga umtalsvert með „hnappnum“. Eins og fyrr segir ef miðað við tölfræðina sem ráðuneytið aflaði 2015-2016 þá falla um 80% félaga undir skilgreiningu laga um ársreikninga um örfélög en þau geta nýtt sér hnappinn við gerð og skil á ársreikningi. Lítil félög skv. skilgreiningu laganna sem eru undir stærðarmörkum 98. gr. og örfélög sem nýta sér ekki hnappinn þurfa að láta skoðunarmann yfirfara ársreikning sinn en skoða þarf sérstaklega hvemig við viljum sjá þessum málum háttað til framtíðar. Skoða þarf því mörk endurskoðunarskyldunnar og kröfu um yfirferð skoðunarmanna í samhengi.